

Mótt: 2. febr. 1960.

Starfsskýrsla,

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku, árið 1959.

Veturinn 1958 - 1959 var yfirleitt góður hér norðan lands og snjóalög óvenjulega lítil. Hér í Skagafirði var þessi vetur mjög mildur en umhleypingasamt var annað slagið.

Fram til áramóta var hér mjög ríkjandi sunnanátt, óvenjulega hlý um það leyti árs. Nokkuð var stormasamt og úrfelli mikil á köflum. Jörð var að mestu þíð til áramóta.

Um miðjan janúar brá til hægrar norðaustanáttar með miklu frosti. Í innsveitum Skagafjarðar var þá aðeins föl á jörð en nokkur snjór í úthluta héraðsins.

Þessi frostakafli, sem var allharður, hélst um tíma og setti þá jafnframt niður nokkra fönn einkum í útsveitum.

Í mars og apríl var veðrátta nokkuð umhleypingasöm, þó var suðlæg átt jafnan meira ríkjandi. Annað slagið snjóaði nokkuð en hlánaði á milli, svo aldrei var til lengdar um stórfenni að ræða. En seint í apríl hlýnaði mjög í veðri og tók þá upp að mestu þann snjó er fyrir var.

Með mai kolnaði nokkuð og voru náturfrost tið fram um miðjan mánuðinn, en þá hlýnaði aftur og jörð fór að gróa.

Klaki var nokkuð mikill hér í jörð í vor. Mun hann aðallega hafa komið í miðsvetrarfrostunum, því þá var jörð að mestu auð en lo - 15 stiga frost um tíma.

I júnimánuði var veðrattu hér allbreytileg. Margir dagar voru hlýir en annað slagið hretaði. Dagana 7. og 17. júní var hér kvassviðri af norðri með allmikilli snjókomu. Þessum hríðaráfellum fylgdi nokkurt frost, en snjörinn var það mikill, að ekki urðu verulegar skemmdir á gróðri.

I júlí, ágúst og fram til miðs september var tíðarfari afburða gott, oftast sunnan og austanátt og miklir hitar.

Úrkumumagn var mun meira á þessu tímabili en verið hefur undanfærin sumur, kvassviðri mjög sjalggæf og næturfrost engin fyrr en um miðjan september.

Vöxtur og brif plantna. Eins og veðurfarslysingin hér að framán ber með sér, var þetta sumar hagkvæmt fyrir vöxt og viðgang trjágróðurs. Er þetta án efa lang besta sumarið, sem hér hefur komið um alllangt skeið, enda var vöxtur, bæði í ungþlöntum í græðireitnum og eldri trjám í skógarreitum óvenjulega mikill.

Vanhöld urðu mjög lítil í græðireitnum og virðist veturninn hafa farið mun betur með plönturnar en vænta mátt, þar sem snjór var tiltölulega sjaldan þeim til hlífðar. Var því ekki óliklegt, að vetrarnæðingarnir hefðu gert nokkurn usla í reitnum, en svo virðist ekki hafa verið, því naumast er hægt að segja að nokkur vanhöld kæmu í ljós nema lítið eitt í brodd-blágreni, sem dreifsett var 1958. I þessari tegund urðu líka framförin lang minst í sumar. Var það mjög áberandi, því allar aðrar tegundir plantna uxu vel.

I skógræktargirðingunum var yfirleitt jafn og góður vöxtur,

bæði hér í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Lítið bar á topp-kali og óþrif í plöntum voru með minsta móti. Þó sást viða nokkur maðkur á birki, einkum í görðum, og skjaldlúsar varð vart á furutrjám í girðingu Skógræktarfélags Skagfirðinga í Varmahlið.

Vert er að geta þess, að undanfarin sumur hefur veðurfar hér verið mjög óhagstætt fyrir alla trjárækt, enda hefur vöxtur í flestum trjátegundum verið yfirleitt hægfara, en þetta sumar gefur allt aðra raun. Framförin eru svo augljós, að þau hljóta að vekja eftirtekt allra, sem á annað borð fylgjast eithvað með skógræktinni. Og er mér nær að halda, að þetta hafi vakið nokkra bjartsýni á þessum málum hjá ýmsum mönnum hér í héraðinu.

Gróðursetningunni hér í vor mun yfirleitt hafa reitt vel ~~af~~. Rakinn var það mikill í jörðinni, að ekkert mun hafa skræln- upp af plöntunum. En vanhöld af þeirri ástæðu hafa verið mjög tilfinnanleg undanfarin vor. Þó er vert að geta þess, að á einum stað værð ég var við nokkrar skemmdir í gróður-setningu frá í vor. Þetta var á Hólum í Hjaltadal. Þar var plantað 6. júni allmiklu magni, 26000 plöntum af ýmsum teg- undum. Daginn eftir gerði aftaka rok af norðri og síðar snókomu með frost. Síðar kom í ljós, að ein tegundin, sem þar var gróðursett, hafði orðið fyrir miklum afföllum en hinarr tegundirnar virtist ekki hafa sakað. Plönturnar, sem afhroðið biðu, voru Síb. lerki, mjög stórar og álitlegar

plöntur. En þess ber að geta, að þetta lerki var orðið mjög útsprungið þegar það var flutt til og gróðursett.

Grasvöxtur var, eins og vænta mátti, með mesta móti í sumar, og varð ég að leggja nokkra vinnu í það að hreinsa frá plöntum í trjáreitunum. Mest voru brögð að þessu í Reykjarchólsgirðingum.

Vinna við hreinsun í græðireitnum var nokkuð mikil í sumar, var það einkum af völdum hinnar hlýju og röku veðrátta og svo hefur reiturinn stækkað nokkuð með ári kverju.

Ekki voru áberandi plöntusjúkdómar í græðireitnum í sumar, nema lítið eitt riðsveppur ^{þróðum} í á öðru ári, en hægt var að halda honum nokkuð í skefjum með úðun.

Spírun var allgóð, enda var aðeins að birkifræi. Fræið var fíá Hallormsstað og Vöglum. Í Vaglafræinu var heldur laki spírun.

Laufgun hófst síðustu dagana í mai, en lauf fór að falla um miðjan september og aflaufga var upp úr miðjum október.

Verkafólk. Vinna í græðireitnum hófst í byrjun mai og lauk í septemberlok.

Verkafólk var mjög mismunandi margt yfir þetta tímabil. Flest var það síðarihluta maimánaðar og fram eftir júní á meðan að dreisetning, sáning og gróðursetning stóð yfir auk ýmissa annara starfa. Stundum var þá hér í vinnu 9 manns: 5 stúlkur, 1 karlmaður og 3 unglingsar. Fæst var fólkisíð í júlí og

ágúst, oftast aðeins 1 stúlka og 3 unglingsar.

Dreifsetningin fór fram í ákvæðisvinnu eins og síðast liðið ár.

Hér fer á eftir tala greiddra vinnustunda, en þar auðvitað ekki talin með ákvæðisvinnan við dreifsetninguna.

Tala vinnustunda.

í maí: karlm.	157	stundir,	stúlkur	99	stundir,	unglingar	436	stundir.
í júní: karlm.	236	stundir,	stúlkur	312	stundir,	ungl.	572	stundir.
í júlí: karlm.	31	stund,	stúlkur	216	stundir,	ungl.	677	stundir.
í ágúst: karlm.			stúlkur	251	stund,	ungl.	607	stundir.
í september: karlm.			stúlkur	208	stundir,	ungl.	498	stundir.

Samt. karlmenn 426 st. stúlkur 1086 stundir, ungl. 2790 stundir.

Eins og reikningarnir sýna, er þessi vinna að miklu leyti unnin í græðireitnum. Þó er með í þessu: gróðursetning í girðingar Skógræktar ríkisins, viðhald girðinga Skógræktar ríkisins, hreinsun frá plöntum í skógarreitum og fl.

Girðingar. Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu en eldri girðingum haldið við. Dálitið purfti að gera við Reykjarhóls-girðinguna og var sett nýtt hlið á hana á veginum upp í græðireitinn.

Síðastliðin veturnar var hér snjóleittur, en þó fóru girðingar viða eithvað í kaf í fönn þegar á veturninn leið. Purfti á nokkrum stöðum að girða til bráðabirgða áfan á fannir, til að fyrirbyggja að beitarpeningur spillti skógargróðri.

Það er mjög mikilsvert atriði hér varðandi skógræktina, að fylgjast vel með girðingunum að vetrinum eftir að fannir eru komnar, því að búfínaður, einkum útigangshrossin eru aðgangshörð að komast inn á þessa friðuðu bletti.

Engar skemmdir munu hafa orðið hér s.l. í skógarreitum af völdum búfínaðar.

Fjárfamlög til skógræktar í Skagfirði. Kaupfélag Skagfirðinga gaf á s.l. vori 50000 krónur til skógræktar í Skagfirði. Í ráði er að verja þessu fé til skógræktargirðingar að Hólum í Hjaltadal. Landið hefur verið valið í Raftahlið suðaustan við Hólastað.

Þá leggur Hólaskóli framvegis til fé að hálfu á móti Skógræktarfélagi Skagfirðinga til plöntukaupa í Hólagirðinguna, og skólinn kostar, ásamt Skógræktarfélagi Skagfirðinga stækkun á girðingunni, sem framkvæmd veðður á næsta sumri.

Græðireiturinn. Eins og getið var um í starfsskýrslunni 1968 var græðireiturinn stækkaður um 2400 fermetra það ár. Að vísu var þetta land ekki fullunnið fyrr en á þessu ári, og mun ef til vill þarfnað meiri framræslu. Í aðeins lítin hluta af þessu nýja landi var dreifsett í vor, tæpa 300 fermetra, svo þarna er um nóg land að ræða til dreifsetningar næst vor. Nokkuð er búið að flytja af húsdýraáburði í þetta nýja land, en þó vantær mikið á að þar sé komið nágilegt áburðarmagn. Auk þess þarf að flytja í þetta land mikið af sandi. Þetta á að geta orðið

besti hlutinn af reitnum.

Yfirleitt fór plöntunum í græðireitnum vel fram í sumar, og í sumum tegundum, t.d. birki, stafafuru og skógarfuru, var vöxturinn ágætur.

Vetrarumbúnaður var með líkum hætti og síðastliðið ár. Á dreifibeðin notaði ég torfstrengi og lagði lám og ljung yfir þá, batt þetta svo niður með vír.

Eldri fræbeðin bjó ég þannig um, að ég strengdi girðinganet yfir rammana, setti á það lim eða fjalldrappa og batt síðan það síðan niður með vír. En nýu sáðbeðin þakti ég með beiti-lyngi. Samskonar útbúnaður reyndist mér vel s.l. vetur.

Áburður. Í sáðbeðin bar ég húsdýraáburð og tilbúin áburð. Í loo ferm. bar ég 1400 kg. sauðatað, 4 kg. köfnunarefni, 3 kg. prífosf. og 3 kg. kalí. Í dreifibeðunum var áburðarmagnið mjög líkt, en í þau hafði ég borið húsdýraáburðinnárið áður.

Í dreifibeð og sáðbeð frá 1957 og '58 bar éjáburð í vor Af alhliðaáburði(garðaáburði) 5 kg. í loo ferm. En auk þess vökvæði ég öll beðin með áburðarvatni af sauðataði.

Sáning. Sáningin fór fram dagana 16. og 19. júni.

Tegund fræs.	Uppruni.	kg.	m2
þ Birki.....	Hallormsstað.....	3	100
þ Birki.....	Vaglar.....	7	200
Samt.lo kg. 300 m2			

Dreifsetning. Í vor var dreifsett rúml. 110000 plöntur.

Voru það þessar tegundir:

	2/0 G.Ø.A	
Sitkagreni þ	Seward.....	9471 stk. ✓
Skógarfura 3/0.....	V. 50-100-47.....	15000 " ✓
Skógarfura 4/0.....	Troms. D.....	7455 " ✓
Blágreni 3/0.....	Colorado.....	33000 " ✓
Brodd og blág. 2/0..	Colorado.....	5262 " ✓
Rauðgreni 3/0....	N Helgal.....	19446 " ✓
Síblerki 2/2 úrk.	Askis.....	1500 "
" lerki 2/0.....	Altay	3500 "
Birki 2/0.....	Bæjarst.....	11634 " ✓
Reynir 2/0.....	Ís.	3000 " ✓
Rauðgreni 2/2	Rana.....	500 " ✓
Ýmsar teg. úrk.....		500 "

Samt. 110268 Stk.

Dreifsett var að mestu í ákvæðisvinnu. Aðallega unnu við það 3 stúlkur þær sömu og í fyrra.

Aðsendar dreifsetningarplöntur:

Frá Hallormsstað:

Blágreni 3/0	Colorado.....	33000 stk.
Rauðgreni 3/0	Nord (G.Ø.A.) Sör-Helgal.....	19000 "
Lerki 2/2	úrk. Askis.....	1500 "

Samt. 53500 Stk.

Frá Vöglum:

Skógarfura 3/o V. 50-100-47..... 15000 stk.

Skógarfura 4/..... Troms strönd..... 5000 "

Samt. 20000 stk.

Afhentar plöntur. Í vor voru afhentar frá Laugabrekku 70059 plöntur.

Par af voru skógarplöntur 68820 stk. En garðpl. 1239 stk.

Voru það þessar tegundir.

Aldur

Skógarplöntur: Birki..... Bæjarst..... 14740 stk. ✓

" Skógarf..... Dalir Troms..... 19080 " ✓

" Stafaf..... Skagway..... 8050 " ✗

" Rauðgr..... Sör Helgal..... 5000 " ✓

" Rauðgr..... Drevja..... 13700 " ✓

" Legki..... Askis..... 3000 " "

" Lerki..... Altay..... 2150 " "

" Broddgr..... Sapinera..... 2000 " "

" Sitkagr..... Honer..... 1000 " ✓

" Blágr. Colorado..... 100 " ✓

Samtals 68820 Stk.

36.900

31,920

Af skógarplöntum var grððursett í Skagaf. 59565 stk.

"

í Hún. 9225 Stk.

Ath. Með Sksgaf. er hér talið 2500 stk, sem grððursett var í girðingar Skógræktar ríkisin í V. Húnavatnssýslu.

lo

Garðplöntur.

Birki.....	453	stk.
Sitkagr.....	47	"
Rauðgr.....	30	"
Ribs.....	49	"
Lerki.....	80	"
Reynir.....	102	"
Álmur.....	26	"
Ösp.....	48	"
Blágr.....	208	"
Pingv.....	39	"
Gulv.....	107	"
Sólber.....	39	"
Rós.....	6	"
Heggur.....	5	"

26

Samtals. 1239 stk.

Aðsendar plöntur:

Skóg.	Stafafura.....	3000	stk.	✓
	Lerki.....	3000	"	✓
	Broddgreni.....	2000	"	✓
	Rauðgreni.....	17000	"	✓
	Birki.....	3900	"	✓
	Skógarfura....	7000	"	✓
	<u>Sitkagreni</u>	1000	"	✓

Samt. 36900 Stk.

Plöntur til gróðursetningar vorið 1960:

Skóg: Stafafura. 2/3 ... Skagway..... 8500 stk.
 Skógarfura 2/3 Troms..... 7500 "
 Skógarfura 2/2 Troms D..... 20000 "
 Rauðgreni 2/3 Rana..... 5000 "
 Birki 2/2 Vagl..... 9000 "
 Birki 4/0 Bæjarst..... 13000 "
 Birki 3/0 Bæjarst... 12000 "
 Blágreni 2/4 Colorado.. 2000 "
 Síðsumasp. Rauðgr. 2/2 Rana 9000 "

Samt. 86000 stk.

Garðplöntur: Reynir 200 stk.
 Gulviðir..... 550 "
 Lerki..... 100 "
 Gráviðir..... 100 "
 Rauðgr..... 90 "
 Blágreni.... 50"
 Sitkagreni.... 20 "

Samtals 1110 stk.

Aætluð dreifsetning á næsta ári:

Sitkagreni 3/o..... Seward..... 9000 Stk.
 Broddblágr. 3/o..... Colorado..... (6000) "
 Blágreni 3/o..... Colorado..... 9000 "
 Rauðgreni 3/o..... Drevja..... 10000 "
 Sitkagreni 2/o..... Homer..... 5000 "
 Sitkabast. 2/o..... Laywing..... 2000 "
 Birki..... 2/o..... Bojarst..... 59000 "

Samt. 100000 stk.

Eg vil taka það fram, að þótt hægt sé að dreifsetja þessar plöntur í vor, tel ég þó heppilegra að láta 2ja ára plönturnar standa 1 ár enn, og jafnvel planta þá birkinu beint út fræbeðunum, en fá heldur aðsendar plöntur til dreifsetningar í vor að einkverju leyti.

Gróðursett í girðingar Skógræktar ríkisins.

Reykjarnhlsgirðingar: Stafafura 2/2.... Skagway..... 1100 stk.
 " Skógarf. 2/2.... Troms, D. ... 2215 "
 " Rauðgr. 2/2... Sör Helgal.... 1900 "
 " Sitkagr. 2/3... Homer..... 1000 "

 Samt. 6215 stk.

Úlfsstaðagirðingar: Rauðgreni 3/3 Drevja.... 2000 stk.

~~XXX~~ Gauksmýri: Birki 3/o Bæjarst.... 1000 stk.

Barkarstaðagirðing: Stafafura 2/2 Skagway.... 500 stk.

" Skógarf. 2/3 Troms D.... 500 "

" Birki 3/0 Bæjarst.... 500 "

Samt. 1500 stk.

Byggingar. Engar bygging voru reistar á árinu, en viðgerð á íbúðarhúsi og umbótum á hitaveitukerfi var frestað vegna fjárvkorts.

Ferðalög. Í vor flutti ég sjálfur plönturnar til kaupendanna, eins og ég hefi gert að undanförnu. Jafnframt leiðbeindi ég við gróðursetningu eftir því sem ástæður leyfði. Á Hólum í Hjaltadal var mest gróðursett á einum stað, þar var plantað 29000 plöntum.

Síðastliðin veturnar fór ég allmargar eftirlitsferðir með skógræktargirðingunum. Á mörgum stöðum, þar sem girðingarnar fóru í kaf í snjó, varð að girða ofan á fannir, til að fyrirbyggja að búfé spillti trjágróðrinum.

Í sumar fór ég nokkrar eftirlitsferðir í girðingarnar, til að fylgjast með viðhaldi þeirra og vexti trjáa. Þá einnig unnið nokkuð að því að hreinsa gras frá plöntum í sumum reitunum. Það er viða hér í Skagafirði svo mikill grasvöxtur í skógræktargirðingunum, að nauðsynlegt

er að hreinsa frá plöntunum fyrstu árin eftir gróðursetningu.

Í slika hreinsun held ég að þurfi að leggja nokkra vinnu eftirleiðis og getur þá jafnframt í sumum tilfellum komið til greina áburðargöf. Einkum ef hægt er að framkvæma hana á þann hátt, að hún örfi ekki grasvöxtinn.

Helstu færðalög utan míns vinnusvæðis: í apríl fór ég til Reykjavíkur á skógarvarðafundinn. Í júní fór ég til Akureyrar vegna plöntuflutninga og fl. Í nóvember fór ég til Reykjavíkur á fund Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra.

Laugabrekku, í janúar 1960.

Sigurður Jónasson